
Skeljungur:

Árshlutauppgjör – fyrri árs helmingur 2020

HAGNAÐUR 274 MILLJÓNIR KRÓNA Á FYRRI ÁRSHELMINGI 2020

Sterkt sjóðstreymi og ásættanleg afkoma í skugga Covid-19

Helstu lykiltölur og niðurstöður annars ársfjórðungs 2020 (2F 2020)

- Framlegð nam 2.285 m.kr. og hækkaði um 7,9% frá ársfjórðungi 2019 (2F 2019)
- EBITDA nam 633 m.kr. og lækkaði um 18,8% frá 2F 2019
- EBITDA framlegð var 27,7% miðað við 36,8% á 2F 2019
- Hagnaður eftir skatta nam 114 m.kr. samanborið við 295 m.kr. á 2F 2019
- Heildarhagnaður nam 130 m.kr. samanborið við 347 m.kr. á 2F 2019
- Hagnaður á hlut var 0,13 í samanburði við 0,14 á 2F 2019
- Keypt voru eigin bréf fyrir 133 m.kr. á 2F 2020
- Handbært fé frá rekstri nam 609 m.kr. samanborið við -879 m.kr. á 2F 2019
- Eigið fé í lok tímabilsins nam 9.603 m.kr. og eiginfjárlutfall var 35,9%

Helstu lykiltölur og niðurstöður fyrri árs helmings 2020 (1H 2020)

- Framlegð nam 4.615 m.kr. og hækkaði um 9,2% frá fyrri árs helmingi 2019 (1H 2019)
- EBITDA nam 1.274 m.kr. og lækkaði um 25,4% frá 1H 2019
- EBITDA framlegð var 27% miðað við 39,6% á 1H 2019
- Hagnaður eftir skatta nam 274 m.kr. samanborið við 706 m.kr. á 1H 2019
- Heildarhagnaður nam 545 m.kr. samanborið við 818 m.kr. á 1H 2019
- Arðsemi eigin fjár, á ársgrundvelli, var 5,7% samanborið við 15,7% á 1H 2019
- Hagnaður á hlut var 0,14 í samanburði við 0,35 á 1H 2019
- Keypt voru eigin bréf fyrir 186 m.kr. á 1H 2020 og greiddur arður að fjárhæð 600 m.kr.
- Handbært fé frá rekstri nam 1.195 m.kr. samanborið við 121 m.kr. á 1H 2019
- Eigið fé í lok tímabilsins nam 9.603 m.kr. og eiginfjárlutfall var 35,9%

- Basko ehf. er hluti af samstæðu á 1H 2020 sem skekkir samanburð við fyrra ár

Horfur fyrir árið 2020

Í ljósi óvissunnar sem nú ríkir áætlað félagið að EBITDA ársins 2020 verði á bilinu 2.800-3.200 m.kr. í stað fyrri spár sem var á bilinu 3.000-3.400 m.kr. Fjárfestingaáætlun er óbreytt á bilinu 700-800 m.kr.

Í afkomuspá félagsins, það sem eftir er ársins, er gert ráð fyrir stöðugu gengi gjaldmiðla og stöðugu olíuverði en tekjur af erlendum ferðamönnum eru ráðgerðar óverulegar. Bent er á að við umreikning reikningskila er notast við meðalgengi innan ársins. Áætlanir félagsins miða við meðalgengi DKK/ISK 21,0 á seinni helmingi ársins.

Tölulegur samanburður

Í milljónum króna	2020 2F	2019 2F	Δ	2020 1H	2019 1H	Δ
Framlegð	2.285	2.119	7,9%	4.615	4.226	9,2%
EBITDA	633	780	-18,8%	1.247	1.672	-25,4%
EBIT	302	511	-41,0%	604	1.142	-47,2%
Hagnaður tímabils	114	295	-61,4%	274	706	-61,3%
Heildarhagnaður tímabils	130	347	-62,6%	545	818	-33,4%

Hlutföll	2020 2F	2019 2F	2020 1H	2019 1H
EBITDA hlutfall	27,7%	36,8%	27,0%	39,6%
EBIT hlutfall	13,2%	24,1%	13,1%	27,0%
Launakostn. / framlegð	-45,1%	-33,5%	-44,0%	-31,1%
Sölu- og dreifingarkostn. / framlegð	-24,8%	-25,1%	-25,2%	-24,3%
Rekstrarkostnaður / framlegð	-72,3%	-63,2%	-73,0%	-60,4%
Arðsemi eiginfjár (ársgrundvelli)			5,7%	15,7%

Árni Pétur Jónsson, forstjóri Skeljungs:

„Fyrri árshelmingur ársins 2020 hefur verið krefjandi, bæði fyrir fyrirtækið og starfsfólk okkar og vil ég færa starfsfólki bestu þakkir fyrir framlag sitt. Annar ársfjórðungur litaðist af áhrifum af COVID-19, samkomubanni, fækkun erlendra ferðamanna og minni umsvifum í hagkerfum Íslands og Færeyja ofan í breytingar á gengi gjaldmiðla, og sveiflum á heimsmarkaðsverði á olíu.

Afkoma okkar í Færeyjum var góð á öðrum ársfjórðungi, en reksturinn þar er ekki eins tengdur ferðamennsku og rekstur okkar hér á Íslandi. Færeyskt efnahagslíf tók fyrr við sér en það íslenska auk þess sem danska krónan hefur styrkst gagnvart þeirri íslensku. Samdráttur var í rekstri okkar á Íslandi í apríl og fram eftir maí en batnaði eftir því sem leið á annan ársfjórðung.

Gripið hefur verið til ýmissa hagræðingaraðgerða í rekstrinum að undanfögnu sem er að hjálpa afkomu og efnahag félagsins á tímabilinu.

Sjóðstreymi samstæðunnar var mjög sterkt á fyrri helmingi ársins. Handbært fé frá rekstri nam tæplega 1,2 milljörðum króna til samanburðar við 121 milljón á sama tímabili í fyrra. Fjárhagsstaða samstæðunnar er sterk sem og rekstrarlegar stoðir hennar. Vaxtaberandi skuldir félagsins hafa lækkað

umtalsvert á liðnum ársfjórðungum auk þess sem félagið hefur gott aðgengi að lánalínum sem gerir okkur kleift að takast á við krefjandi aðstæður.

Með hliðsjón af framangreindu erum við sátt við afkomu á fyrri árshelmingi 2020.

Á liðnum ársfjórðungi tókum við nokkur skref í þróun á verslunarhluta samstæðunnar. Undirritaðir voru samningar um kaup á 25% eignarhlut í Brauð&Co ehf. og Gló ehf. Markmiðið með þessum fjárfestingum er að nýta staðsetningar okkar betur ásamt því að bjóða uppá fjölbreyttara vöruúrval í verslunum okkar.“

Kynningarfundur

Opinn kynningarfundur vegna árshlutauppgjörs félagsins verður haldinn þann 13. ágúst í höfuðstöðvum Skeljungs, Borgartúni 26, 8. hæð, 105 Reykjavík. Fundurinn hefst kl. 08:30 en boðið verður upp á léttar veitingar frá kl. 08:15. Á fundinum munu Árni Pétur Jónsson, forstjóri, og Ólafur Þór Jóhannesson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, kynna uppgjórið og helstu þætti úr rekstrinum, auk þess sem spurningum fundargesta verður svarað.

Kynningin er meðfylgjandi, auk þess sem kynningarefni frá fundinum verður gert aðgengilegt á vefsíðu Skeljungs, <https://www.skeljungur.is/fyrir-fjarfesta>.

Árshlutareikningur fyrri árshelming 2020

Helstu atriði í tilkynningu þessari eru unnin upp úr árshlutareikningi félagsins, sem samþykktur var af stjórn og forstjóra á stjórnarfundum þann 12. ágúst 2020.

Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðureikning félagsins, móðurfélagsreikning félagsins og dótturfélaga þess. Reikningarnir eru gerðir í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Árshlutareikningurinn hefur hvorki verið endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

Til nánari upplýsinga er vísað til reikningsins sem er meðfylgjandi tilkynningu þessari.

Fjárhagsdagatal 2020

Uppgjör 3. ársfjórðungs 2020: 28. október 2020

Uppgjör 4. ársfjórðungs 2020 og ársuppgjör 2020: 4. febrúar 2021

Aðalfundur 2021: 4. mars 2021

Dagsetningarnar eru birtar með fyrirvara um breytingar.

* * *

Nánari upplýsingar veitir Árni Pétur Jónsson, forstjóri, fjarfestar@skeljungur.is.

Skeljungur er orkufyrirtæki sem selur vörur og þjónustu á Íslandi, í Færeyjum og á Norður-Atlantshafinu. Meginstarfsemi félagsins er innflutningur, birgðahald, sala og dreifing á eldsneyti og eldsneytistengdum vörum og smásala. Félagið starfrækir 76 eldsneytisstöðvar og 6 birgðastöðvar á Íslandi og í Færeyjum. Auk þess selur félagið áburð og efnavörur á Íslandi og rekur verslanir og þjónustar og selur olíu til húshitunar í Færeyjum. Viðskiptavinir Skeljungs spanna frá einstaklingum til fyrirtækja, í sjávarútvegi, landbúnaði, flutningum, flugi og til verktaka. Starfsemin er rekin undir merkjunum Skeljungur, Orkan, Kvikk og Magn. Meginmarkmið Skeljungs er að þjóna orkuþörf einstaklinga og fyrirtækja á hagkvæman og öruggan máta í sátt við umhverfi sitt.

www.skeljungur.is

<https://www.linkedin.com/company/skeljungur-hf/>